

inum. Samkvæmt því, sem nú hefur verið getið, telst slys stefnanda ekki verða rakið til neinna atvika, sem stefndi Vélsmiðjan Héðinn h/f eigi að bera fébótaábyrgð á, heldur annað hvort til gáleysis stefnanda sjálfs eða klaufaskapar hans í umrætt sinn, og verður hann því einn að bera allt tjón sitt af völdum slyssins.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í máli þessu falli niður.

Magnús Thoroddsen borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Vélsmiðjan Héðinn h/f og Hraðfrystihús Eski-fjarðar h/f, eiga að vera sýknir af öllum kröfum stefnandans, Elíasar Bernburgs, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Þriðjudaginn 20. janúar 1976.

Nr. 178/1976. Sveinn H. Valdimarsson hæstaréttarlögmaður
f. h. Þrotabús Oks h/f, Reykjavík,
gegn
Viðari Þórðarsyni f. h. Birgis Viðarssonar.

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Einar Arnalds og
Logi Einarsson.

Kærumál. Frávísun frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 11. desember 1975. Skjöl málsins bárust Hæstarétti 22. desember 1975. Krefst sóknaraðili þess, að hinum kærða úrskurði verði breytt á þá lund, að máli varnaraðilja á hendur sóknaraðilja verði vísað frá skiptarétti Reykjavíkur. Þá krefst hann og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Samkvæmt gögnum, sem lögð hafa verið fyrir Hæstarétt, samþykkti skiptafundur í þrotabúi Oks h/f 28. júní 1974 að fela Sveini H. Valdimarssyni hæstaréttarlögmanni að flytja mál þetta.

Skýra verður ákvæði 2. tl. 21. gr. laga nr. 75/1973 með hliðsjón af 1. tl. sömu greinar. Lagaheimild brestur því til kærú máls þessa til Hæstaréttar.

Rétt er, að sóknaraðili greiði varnaraðilja kærú málskostnað, sem ákveðst 12.000 krónur.

D ó m s o r ð :

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Sóknaraðili, Sveinn H. Valdimarsson hæstaréttarlögmaður f. h. þrotabús Oks h/f, Reykjavík, greiði varnaraðilja, Viðari Þórðarsyni f. h. Birgis Viðarssonar, kærú málskostnað, 12.000 krónur, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur 8. desember 1975.

I.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 5. þ. m., var þingfest í skiptarétti Reykjavíkur 28. júní 1974.

Sóknaraðili er Viðar Þórðarson, Svöluhrauni 8, Hafnarfirði, f. h. ófjárráða sonar síns, Birgis Viðarssonar.

Varnaraðili er þrotabú Oks h/f, Reykjavík.

Í greinargerð hefur sóknaraðili gert þær kröfur í málinu, að honum verði greitt af eignum varnaraðilja kr. 1.229.622 með 7% ársvöxtum af kr. 876.208 frá 28. mars 1972 til 1. maí 1973 og með 9% ársvöxtum af kr. 1.229.622 frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar að mati réttarins.

Varnaraðili hefur í greinargerð gert þá kröfu aðallega, að máli þessu verði vísað frá dómi og að sóknaraðilja verði dæmt að greiða honum málskostnað. Til vara krefst hann sýknu af öllum kröfum sóknaraðilja og málskostnaðar úr hans hendi, en til þrautavara, að kröfur sóknaraðilja verði lækkaðar.

Munnlegur málflutningur fór fram um frávísunarkröfu varnaraðilja hinn 5. þ. m.

Í þessum þætti málsins gerir varnaraðili þær kröfur, að málinu

verði vísað frá skiptaréttinum og að sóknaraðilja verði gert að greiða honum málskostnað.

Sóknaraðili krefst þess, að frávísunarkröfunni verði hrundið og að varnaraðilja verði dæmt að greiða honum málskostnað í þessum þætti málsins.

II.

Málavextir eru þeir, að með úrskurði skiptaréttar Reykjavíkur hinn 25. nóvember 1971 var bú Oks h/f, Reykjavík, tekið til gjaldþrotaskipta. Skiptum er ekki lokið í þrotabúi þessu.

Annað félag, Ok h/f, Steypustöð, Hafnarfirði, var tekið til gjaldþrotaskipta í Hafnarfirði með úrskurði, uppkveðnum 15. desember 1971. Skiptum í því búi er heldur ekki lokið.

Upplýst er, að ofangreind fyrirtæki voru bæði eign sömu aðilja, og stjórn þeirra og rekstur var nátengdur.

Félagið í Reykjavík var verktakafyrirtæki, sem fékkst við byggingar og aðra mannvirkjagerð, en starfsemin í Hafnarfirði virðist aðallega hafa verið fólgin í rekstri steypustöðvar, og átti það fyrirtæki steinsteypustöð í Hafnarfirði og hafði athafnasvæði við hana.

Hinn 28. mars 1972 fór drengurinn Birgir Viðarsson, sem var þá tæplega 10 ára gamall, inn í skúr á athafnasvæði Oks h/f, Steypustöðvar í Hafnarfirði. Með Birgi var jafnaldri hans. Í skúrnum fundu þeir sprengiefni, og kveikti Birgir í því, svo að af varð sprenging. Við sprenginguna slasaðist Birgir. Er því haldið fram af sóknaraðilja, að orsök slyssins sé stórfellt gáleysi við geymslu sprengiefnisins, sem slysinu olli. Staður sá, sem sprengiefnið var geymt á, hafi verið algerlega óhæfur staður til geymslu slíks efnis og Ok h/f, Reykjavík, hafi borið ábyrgð á geymslu sprengiefnisins og því eða starfsmönnum þess hafi verið kunnugt um, að sprengiefnið var geymt í fyrrnefndum skúr.

Hefur sóknaraðili málsins krafist þess, að honum verði fyrir hönd Birgis greitt af eignum þrotabús Oks h/f, Reykjavík, sem forgangskröfu fjárhæð þá, sem greind er í kafla I að framan.

Sóknaraðili hefur einnig þingfest sérstakt skiptaréttarmál fyrir skiptarétti Hafnarfjarðar og gert þær kröfur, að honum verði greitt af eignum þrotabús Oks h/f, Steypustöðvar, Hafnarfirði, sem forgangskröfu kr. 1.229.622 ásamt vöxtum og málskostnaði. Því skiptaréttarmáli er ekki lokið, en kröfur sínar í því máli rökstyður sóknaraðili á þann hátt, að þetta fyrirtæki hafi borið

ábyrgð ásamt fleirum á vangeymslu sprengiefnisins. Beri því að greiða drengnum Birgi skaðabætur af eignum búins.

Þá hefur sóknaraðili í júní 1974 höfðað skaðabótamál fyrir bæjarþingi Hafnarfjarðar gegn Sveini Ingimar Skaftasyni, Nýbýlavegi 28 B, Kópavogi, Jóni Bergssyni, Kelduhvammí 27, Hafnarfirði, og Guðna Þórði Tómasi Sigurðssyni, Aratúni 20, Garðahreppi, sem allir voru stjórnarmenn beggja fyrirtækjanna, sem nú hafa verið tekin til gjaldþrotaskipta. Einnig hefur sóknaraðili beint málssókninni gegn Þórði Sigurðssyni, Lækjarfit 7, Garðahreppi, sem var verkstjóri fyrirtækisins í Hafnarfirði. Jafnframt hefur sóknaraðili höfðað málið gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs. Í bæjarþingsmáli þessu, sem enn er á gagnaöflunarstigi, hefur sóknaraðili krafist þess, að stefndu í málinu verði in solidum dæmdir til að greiða Birgi Viðarssyni skaðabætur að fjárhæð kr. 1.229.622 ásamt vöxtum og málskostnaði.

III.

Varnaraðili styður kröfu sína um frávísun málsins þeim rökum, að sóknaraðili hafi höfðað mál út af sama atviki og með sömu kröfum bæði fyrir bæjarþingi Hafnarfjarðar gegn fjórum einstaklingum og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og fyrir skiptarétti Hafnarfjarðar gegn þrotabúi Oks h/f, Steypustöðvar. Þetta sé andstætt grundvallarreglum íslensks réttarfars, einkum brjóti þetta í bág við 3. mgr. 104. gr., 46., sbr. 45. grein einkamálalaganna nr. 85/1936. Beri því að vísa máli þessu frá dómi.

Sóknaraðili heldur því fram, að það sé skiptaréttur Reykjavíkur einn, sem hafi úrskurðarvald um það, hvort taka eigi til greina kröfu sóknaraðilja um greiðslu skaðabóta af eignum varnaraðilja, sbr. 33. og 90. gr. skiptalaga nr. 3/1878. Beri því að hrinda frávísunarkröfu varnaraðilja.

IV.

Fallast ber á það með sóknaraðilja, að úrlausn málsins beri undir skiptarétt Reykjavíkur, sbr. 33. og 90. gr. skiptalaganna nr. 3/1878, og þar sem hvorki skiptaréttur Hafnarfjarðar né bæjarþing Hafnarfjarðar hafa lögsögu um kröfur sóknaraðilja á hendur varnaraðilja, ber að hrinda frávísunarkröfu varnaraðilja, enda verður eigi talið, að þær lagagreinar, sem varnaraðili vitnar til, haggi þessari niðurstöðu.

Rétt þykir að taka afstöðu til málskostnaðar í þessum þætti málsins við væntanlega efnisúrlausn í málinu.

Bjarni Kristinn Bjarnason setuskiptaráðandi kveður upp úrskurð þennan, en með úrskurði, uppkveðnum 28. júní 1974, vék skiptaráðandinn í Reykjavík, Friðjón Skarphéðinsson yfirborgarfógeti, sæti í málinu.

Úrskurðarorð:

Frávísunarkrafa varnaraðilja er ekki tekin til greina.

Þriðjudaginn 20. janúar 1976.

Nr. 10/1976. **Emma Þorsteinsdóttir og Jón Þorsteinsson**
 gegn
Þorsteini Aðalsteinssyni
Gunnari Þorsteinssyni og
Þorsteini Þorsteinssyni.

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Einar Arnalds, Benedikt Sigurjónsson og Björn Sveinbjörnsson.

Kærumál. Landskipti. Synjað um dómkvaðningu matsmanna.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 22. desember 1975, sem Hæstarétti barst 12. janúar 1976, hafa sóknaraðiljar kært úrskurð, uppkveðinn á aukadómþingi Þingeyjarsýslu 22. desember 1975. Krefjast þeir þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og lagt fyrir héraðsdómara „aðallega að dómkveðja þrjá óvilhalla og hæfa utanhéraðsmenn til að framkvæma undirlandskipti á jörðinni Geiteyjarströnd II í Skútustaðahreppi, en til vara að dómkveðja fjóra utanhéraðsmenn til að framkvæma yfirlandskipti á jörðinni“. Þá krefjast sóknaraðiljar kærumálskostnaðar óskipt úr hendi varnaraðilja.

Frá varnaraðiljum hafa hvorki borist kröfur né greinargerð.